



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 26. júní 2018

Ákvörðun nr. 21/2018

Kaup SÍA III slhf. á hlut í Stál í stál ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst bréf þann 9. apríl 2018 þar sem tilkynnt var um kaup SÍA III slhf. (hér eftir SÍA III) á 70% af hlutafé í Stál í Stál ehf. (hér eftir Stál í stál). Seljandi hlutarins er SA ehf. (hér eftir SA) en samhliða viðskiptunum gera þessir aðilar með sér hluthafasamkomulag. Með tilkynningunni fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær. Samkeppniseftirlitið féllst á að nægilegt hafi verið að skila inn styttri samrunaskrá þar sem samruninn varðar ótengda markaði, sbr. a. lið 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Með bréfi dags. 16. apríl sl. tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi og frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann hefðu hafist þann 10. apríl sl. Með bréfi dagsettu 16. maí sl. var samrunaaðilum tilkynnt um að frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans væri þörf, sbr. 17. gr. d samkeppnislaga.

Málinu lyktaði með því að samrunaaðilar gengust undir tiltekin skilyrði með sátt við Samkeppniseftirlitið þann 25. maí 2018. Tilurð skilyrðanna má rekja til þeirra samkeppnisbresta sem kunna að felast í tengslum viðskiptabanka við Stál í stál sem og eignarhaldi sömu hluthafa í fleiri en einu atvinnufyrirtæki.¹ Í þessari ákvörðun er gerð nánari grein fyrir forsendum þess að grípa þurfti til íhlutunar í málinu.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í samrunaskrá segir að SÍA III fjárfesti í 70% af hlutafé í Stál í stál. Samhliða fjárfestingu í félaginu gera SÍA III og SA með sér hluthafasamkomulag sem leiðir til þess að þessi félög fara sameiginlega með yfirråd yfir Stál í stál. Samkomulagið felur það í sér að að fulltrúar beggja félaganna skuli koma sér saman um tilteknar veigamiklar ákvarðanir er varða Stál í stál. Veldur þetta ákvæði því að félögin teljast hafa sameiginleg yfirråd, sbr. 17. gr. samkeppnislaga.

¹ Skilyrðin eru birt í ákvörðunarorðum neðst í þessari ákvörðun.



Í samrunaskrá segir að starfsemi SÍA III sé fjárfestingastarfsemi og markmið þess sé að fjárfesta í traustum og arðbærum fyrirtækjum. SÍA III er samlagshlutafélag og eru hluthafar félagsins að mestu fagfjárfestar, þá aðallega lífeyrissjóðir. Á grundvelli rekstrarsamnings SÍA III við Stefnir hefur fyrirtækið viðtæka aðkomu að sjóðnum og hníga sterk rök til þess að Stefnir fari með yfirráð yfir sjóðnum í skilningi samkeppnislaga. Auk þessa sjóðs kemur Stefnir jafnframt að öðrum framtakssjóðum sem hafa yfirráð yfir fleiri fyrirtækjum.² Ekkert þessara fyrirtækja starfar þó á sama eða tengdum markaði þeim sem Stál í stál starfar á. Því er ekki tilefni til þess að rekja nánar starfsemi þessara fyrirtækja.

Tengsl Arion banka hf. við viðskiptin

Stefnir er dótturfélag Arion banka og er fyrirtækið stærsta sjóðastýringafyrirtæki landsins með um 350 ma. króna í virkri stýringu. Fyrirtækið er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Félagið rekur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestastjóði skv. lögum nr. 128/2011. Auk þessa hefur félagið starfsleyfi til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar, vörslu og stjórnunar fjármálagerninga í sameiginlegri fjárfestingu.³ Í stjórn Stefnis sitja fimm menn, en tveir þeirra eru háðir Arion banka. Með sátt við Samkeppniseftirlitið hafa takmarkanir verið settar á aðkomu Arion banka að Stál í stál á þann veg að þeir stjórnarmenn er skipaðir verða í krafti eignarhlutar SÍA III skuli vera óháðir bankanum. Þá gilda enn fullum fetum fyrri ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins sem kveða á um sjálfstæði Stefnis gagnvart Arion banka og það háttarni sem fyrirtækjunum er heimilt s.s. varðandi viðskipti milli tengdra aðila og fleira.⁴

Um starfsemi Stál í stál

Í samrunaskrá segir að starfsemi Stál í stál takmarkist við starfsemi eignarhaldsfélaga og fyrirtækið eigi tvö félög, annars vegar Hamar ehf. og hins vegar Idea ehf. Þá segir í skránni að Hamar starfi á sviði málmtækniúnaðar og sinni reglubundnu viðhaldi og þjónustu á því sviði fyrir iðnfyrirtæki. Segir að Hamar sé með starfsstöðvar á Akureyri, Eskifirði, Grundartanga, Hafnarfirði og Kópavogi. Um Idea ehf. segir að félagið eigi þá lausafjármuni og fasteignir sem nýttar eru í starfsemi Hamars og eru þær leigðar til félagsins.

III.

Niðurstaða

Samkvæmt samkeppnislögum er markaður sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu. Almennt eru markaðir skilgreindir út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum; annars vegar þarf að bera kennsl á, og afmarka, vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar þarf að bera kennsl á, og afmarka, landfræðilega markaðinn.

Í samrunaskrá segir að Hamar starfi á viðhalds- og viðgerðarmarkaði, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2014 *Samruni Landvéla ehf. og Fálkans hf.* Þá stundi Hamar einnig starfsemi á byggingamarkaði sem felst í nýsmíði stálgrindahúsa fyrir atvinnustarfsemi.

² Á meðal fyrirtækja sem framtakssjóðir á vegum Stefnis eru hluthafar í eru: Kynniferðir, Festi, Gámaþjónustan og Jarðboranir.

³ Samkvæmt heimsíðu Stefnis, sótt 8. maí 2018.

⁴ Sjá t.d. ákvörðun eftirlitsins nr. 7/2014 *Kaup Bekei hf. á Bakkanum vöruhótelu ehf., ELKO ehf., EXPO Kópavogi ehf., ISP á Íslandi ehf., Kaupási ehf. og fasteignum í eigu Smáragarðs ehf.*



Sá samruni sem hér um ræðir er þess eðlis að hann leiðir ekki til samþjöppunar á neinum af skilgreindum mörkuðum þessa máls og er því um sk. samsteypusamruna (e. *conglomerate merger*) að ræða. Af þessum sökum er því minna tilefni en ella til að skilgreina ítarlega þá markaði sem aðilar samrunans starfa á. Að þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið því nægjanlega nákvæmt, fyrir niðurstöðu þess máls, að skilgreina þann markað sem Stál í stál og dótturfélög þess starfa á sem markað fyrir málmtækniönað.⁵ Af gögnum málsins virtum telur eftirlitið rétt að afmarka markaðinn við landið allt, Ísland. Í þessu máli hefur það þýðingu að önnur fyrirtæki sem eru undir yfirráðum sjóða á vegum Stefnis stunda ekki starfsemi á framangreindum mörkuðum eða mörkuðum tengdum þeim. Verði láréttir samrunar á mörkuðum málsins má ætla að tilefni skapist til ítarlegri rannsókna sem kunna að leiða til þess að þrengri markaðsskilgreining verði lögð til grundvallar bæði hvað þjónustumarkað málsins varðar sem og landfræðilega markaðinn. Þeir samkeppnisbrestir sem kynnu að skapast vegna þessa samruna eru ekki vegna aukinnar samþjöppunar á mörkuðum málsins. Mögulegir samkeppnisbrestir stafa af tengslum viðskiptabanka við fyrirtæki í samkeppnisrekstri.

Samkeppnisleg áhrif samrunans

Sjóðastýringarfyrirtæki á vegum stóru viðskiptabankanna þriggja hafa undangengin misseri staðið að fjárfestingum í fjölmörgum fyrirtækjum á innlendum samkeppnismörkuðum. Hefur Samkeppniseftirlitið sett þess háttar fjárfestingum skilyrði sem ætlað er m.a. að tryggja samkeppnislegt sjálfstæði viðkomandi fyrirtækja frá viðskiptabönkunum þremur. Ítarlega er gerð grein fyrir forsendum þessara skilyrða í fjölmörgum ákvörðunum eftirlitsins. Eru þær allar aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar.⁶

Eftirlitið hefur talið þessi skilyrði nauðsynleg til þess að tryggja heilbrigða samkeppni á fjármálamarkaði. Þá hefur jafnframt verið talið nauðsynlegt að tryggja að viðskipti fyrirtækjanna við samstæður bankanna byggi á viðskiptalegum forsendum og að mismunandi tegundir þjónustu séu ekki samtvinnuðar. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2013 *Fjármálaþjónusta á krossgötum* var ein af niðurstöðunum einmitt sú að tilhneiging virtist vera til þess að viðskipti einstakra fyrirtækja héldust innan samstæðu einstakra viðskiptabanka, t.a.m. viðskipti á sviði fjárfestingabankastarfsemi, viðskiptabankastarfsemi og sjóðastýringar.⁷

Í þessu máli er um að ræða fjárfestingu sjóðs í rekstri stærsta sjóðastýringarfyrirtækis landsins. Hlutdeildarskírteinishafar í sjóðnum eru margir af stærstu lífeyrissjóðum landsins og koma þeir að fjölmörgum fyrirtækjum á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Eftirlitið hefur á síðustu árum fjallað nokkuð um þá samkeppnisbresti sem geta verið fölgirnir í viðtækri aðkomu sömu fjárfesta að fyrirtækjum á samkeppnismarkaði. Í ljósi aðstæðna í þessu máli telur eftirlitið þó nægjanlegt að mæla fyrir tiltekinni framkvæmd á upplýsingagjöf SÍA III

⁵ Í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 27. janúar 2017 í máli nr. M.8159, ARCELORMITTAL / CELLINO / JV var skilgreindur markaður fyrir málmtækni verkstæði (e. *Industrial sheet metal workshops*)

⁶ Sjá t.d. ákvörðun eftirlitsins nr. 7/2014 *Kaup Bekei hf. á Bakkanum vöruhótelu ehf., ELKO ehf., EXPO Kópavogi ehf., ISP á Íslandi ehf., Kaupási ehf. og fasteignum í eigu Smáragarðs ehf.*, ákvörðun nr. 13/2017 *Kaup Horns III slhf. á hlut í Liflandi ehf.*, ákvörðun nr. 26/2016 *Kaup Horns III slhf. á hlut í Basko ehf.* og ákvörðun nr. 22/2015 *Kaup SF VII slhf. á hlut í Kynniserðum hf.*

⁷ Skýrslan í heild sinni er aðgengileg á heimsíðu stofnunarinnar, <http://www.samkeppni.is/urloausnir/skyrslur/nr/2089>.



til hluthafa sinna enda liggur ekki fyrir að viðkomandi hluthafar eigi eignarhluti í helstu keppinautum Hamars. Er þeirri framkvæmd ætlað að koma í veg fyrir það að þessir hluthafar fái viðkvæmar viðskiptaupplýsingar um Stál í stál enda kann miðlun á slíkum upplýsingum að raska samkeppni sökum annarra hagsmuna sem þessir fjárfestar hafa víðsvegar í atvinnulífinu.

Íhlutun

Með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að nauðsynlegt sé að setja umræddum samruna skilyrði. Skilyrðunum er ætlað að tryggja sjálfstæði Stál í stál sem keppinautar á markaði gagnvart Arion banka. Þá er jafnframt kveðið á um tiltekna meðferð á trúnaðarupplýsingum gagnvart þeim aðilum sem kunna að eiga hluti í öðrum fyrirtækjum sem starfa á tengdum samkeppnismörkuðum. Samrunaaðilar lýstu yfir vilja sínum til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f laganna og 22. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Viðræður við samrunaaðila leiddu í kjölfarið til sáttar sem felur í sér þau skilyrði sem fram koma í ákvörðunarorðum. Telur Samkeppniseftirlitið að þau leysi hin samkeppnislegu vandamál sem af samrunanum kynnu ella að stafa.

Fela skilyrðin meðal annars í sér áskilnað um sjálfstæði stjórnar Stál í stál gagnvart Arion banka og um meðferð trúnaðarupplýsinga gagnvart þeim hluthöfum sem kunna að eiga hluti í fleiri en einu fyrirtæki á sama samkeppnismarkaði. Í ákvæði 1.2 a) í framangreindri sátt er kveðið á um óhæði stjórnarmanna Stál í stál gagnvart Arion banka. Í ljósi framangreindrar aðkomu bankans að Stál í stál telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að tryggja að stjórnarmenn verði óháðir bankanum. Eftirlitið hefur í ræðu og riti gert ítarlega grein fyrir þeim samkeppnisbrestum sem fólgnir geta verið í aðkomu viðskiptabanka að fyrirtækjum í samkeppnisrekstri á ótengdum mörkuðum. Í b. lið ákvæðisins eru settar ítarlegri kröfur um óhæði Stál í stál gagnvart bankanum með því að SÍA III skuli vera óheimilt að ráða framkvæmdastjóra eða lykilstarfsmenn sem háðir eru bankanum. Í hluthafasamkomulaginu er kveðið á um aðkomu Stefnis að þessum atriðum.

Með skilyrðum í ákvæði 1.3 er ætlað að koma í veg fyrir að þeir hluthafar sem koma að fleiri en einu fyrirtæki á sama samkeppnismarkaði fái í hendur viðkvæmar viðskiptaupplýsingar. Veiting slíkra upplýsinga kynni að raska samkeppnislegu sjálfstæði Stál í stál og skapa ranga hvata í samkeppni á milli fyrirtækja á markaði. Þannig er kveðið á um að stjórn og Stál í stál holding skuli haga samskiptum sínum við hluthafa félagsins þannig að gætt sé að því að samkeppni sé ekki raskað á viðkomandi markaði. Þá skal þess gætt að í upplýsingamiðlun til hluthafa félagsins sem einnig eiga eignarhluti í keppinautum þess berist ekki viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem skaðað geti samkeppni. Þá er í lok skilyrðanna fjallað um brottfall þeirra og réttur samrunaaðila til endurupptöku áréttáður, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.



IV.

Ákvörðunarorð:

Kaup SÍA III slhf. á 70% hlut í Stál í stál ehf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2006. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga eru samrunanum sett skilyrði. Með setningu á eftirfarandi skilyrðum er ekki þörf á að ógilda samrunann:

1.

Aðgerðir gegn skaðlegum hagsmunatengslum og öðrum samkeppnishindrunum

1.1

Almennt

Markmið sáttar þessarar er að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum eða öðrum samkeppnishindrunum sem stafað geta af eignarhaldi SÍA III á Stál í stál og beinu og óbeinu eignarhaldi eigenda SÍA III á öðrum atvinnufyrirtækjum. Skulu þessir aðilar í því skyni og eins og þeim frekast er unnt tryggja sjálfstæði Stál í stál á þeim mörkuðum sem fyrirtækið og dótturfélög þess Hamar ehf. og Idea ehf. starfa á.

1.2

Sjálfstæði Stál í stál

- a) Stjórnarmenn í Stál í stál skulu vera óháðir Arion banka hf. Þeir teljast óháðir ef þeir eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá bankanum, framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn hjá fyrirtækjum þar sem bankinn eða dótturfélög eiga meira en 20% eignarhlut, eru ekki makar stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra (forstjóra) hjá ofangreindum aðilum eða skyldir þeim í beinan legg. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður Arion banka hf. eða tengdum félögum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila og hafa meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá uppfylla ekki þetta skilyrði. Þó er heimilt að skipa starfsmenn Stefnis hf. sem uppfylla önnur skilyrði þessarar sáttar, í stjórn Stál í stál.
- b) Þeir sem SÍA III skipar í stjórn Stál í stál, skulu ekki vera tengdir keppinautum Stál í stál í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á við um maka ofangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á einnig við um framkvæmdastjóra (forstjóra) og lykilstarfsmenn sem SÍA III kemur að ráðningu á. Framkvæmdastjóri sem SÍA III kemur að ráðningu á skal jafnframt vera óháður Arion banka hf. í skilningi a) liðar greinar 1.1.
- c) Framkvæmdastjóri SÍA III og þeir aðilar sem sitja í stjórn Stál í stál fyrir hönd SÍA III skulu undirrita yfirlýsingu. Í henni skal hlutaðeigandi lýsa því yfir að hann hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í sátt þessari og hann heiti því að virða þau að öllu leyti að viðlagðri ábyrgð.



1.3

Upplýsingagjöf til hluthafa SÍA III

Stjórn og starfsmenn SÍA III skulu haga samskiptum við hluthafa SÍA III með þeim hætti að jafnræðis sé gætt og að samkeppni á þeim markaði sem Stál í stál starfar á sé ekki raskað. Í upplýsingamiðlun til hluthafa SÍA III sem eiga eignarhluti í keppinautum Stál í stál skal þess gætt að veita aðeins nauðsynlegar upplýsingar sem hluthafar eiga rétt til í krafti eignarhalds síns, og eðlilegt má telja að þeir fái í því ljósi, en gæta þess að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem skaða geta samkeppni berist ekki til þeirra.

2.

Brottfall skilyrða

Skilyrði sáttarinnar falla úr gildi ef SÍA III missir yfirráð yfir Stál í stál. Aðilum er heimilt, sameiginlega eða hver fyrir sig, á hverjum tímapunkti að óska eftir því að skilyrði þessi verði felld úr gildi, að hluta eða í heild, vegna breyttra forsendna, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

4.

Viðurlög

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson